

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Endurskoðun deiliskipulags fyrir þéttbýlið Brautarholt.

Deiliskipulagið nær yfir þéttbýlið Brautarholt og er svæðið um 11,5 ha að stærð. Á svæðinu eru í gildi tvær deiliskipulagsáætlanir sem falla úr gildi með samþykkt nýs deiliskipulags þar sem gert er ráð fyrir 13 nýjum einbýlishúsalóðum og 1 parhúsalóð sem koma til viðbótar við þær lóðir sem fyrir eru. Þá er gert ráð fyrir tveimur verslunar- og þjónustulóðum við hlið núverandi verslunar og um 1 ha atvinnusvæði norðan þjóðveggar.

Samþykkt í sveitarstjórn 4. október 2011.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 13. desember 2011.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 27. desember 2011